

637. fundur

Miðvikudaginn 10. janúar 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Tekin fyrir fundargerð 636. Afgreiðslu var frestað til næsta fundar.
2. Tekið var til framhaldsumræðu erindi Félags atvinnurekenda dags. 29. nóvember 2017 þar sem óskað var eftir aðgangi að innsendum svörum einstakra fyrirtækja og frekari rökstuðning á svari ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara um að ekki væri vöntun á nautakjöti í skilningi 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með hliðsjón af eðli upplýsinganna sem óskað er aðgangs að og með vísan til 9. gr. upplýsingalaga, telur nefndin sér ekki heimilt að afhenda gögn umsagnaraðila. Það verði einungis gert ef umsagnaraðilar heimili slíkt og verður leitað eftir afstöðu fyrirtækjanna um hvort þau heimili að framangreindar upplýsingar verði gerðar opinberar.
3. Lagt var fyrir drög að reglugerð um opinn tollkvóta á lífrænni mjólk. Ákveðið var að fá frekari upplýsingar frá Býlinu ehf. áður en drögin verða lögð fyrir ráðherra.
4. Tekið var fyrir erindi frá Grænum markaði ehf. dags. 21. desember 2017. Ekki voru forsendur til að endur úthluta ónýttum tollkvótum í blómum vegna tímabilsins janúar til júní 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið.